

Dreifibréf nr. 8/2004/LS

Lyfjaauglýsingar

Undanfarið hafa birst í fjölmiðlum lyfjaauglýsingar frá lyfjabúðum þar sem verið er að auglýsa afsláttarkjör á einstökum flokkum lyfseðilsskyldra lyfja en samkvæmt laga- og reglugerðarákvæðum er það óheimilt.

Að gefnu tilefni vill Lyfjastofnun árétt að lyfjabúðir hafa einungis heimild til að auglýsa og kynna þjónustu sína svo sem heimsendingarþjónustu, verð lausasölulyfja og almenn afsláttarkjör, sbr. 37. gr. reglugerðar um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir nr. 426/1997.

Óheimilt er að auglýsa lyfseðilsseðilskyld lyf fyrir almenningi, sbr. 16. gr lyfjalaga nr. 93/1994.

Lyfjaauglýsing í sjónvarpi er bönnuð, sbr. 4.gr. reglugerðar um lyfjaauglýsingar nr. 328/1995.

Reglugerð nr. 328/1995 gildir almennt um lyfjaauglýsingar.

Þetta tilkynnist hér með.

Lyfjastofnun